

## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

---

Skipulags- og umhverfisnefnd - 26.03.2012

---

15. fundur 26. mars 2012 kl 9:00-12:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

---

### Fundarmenn:

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Kristján Stefánsson

Pétur Snæbjörnsson

---

### Starfsmenn:

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstj.

Bjarni Reykjalín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

### 1. Múlavegur 11

S20120201

Erindi dagsett 28. febrúar 2012 frá Garðari Finnssyni kt. 050779-5809, Lynghrauni 5, 660 Mývatn þar sem hann sækir um lóð nr 11 við Múlaveg til að reisa þar 70 m<sup>2</sup> heilsárshús úr timbri.

*Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að umsækjanda verði veitt lóðin með nánari skilyrðum sem sett verða þegar endanleg lóðarmörk liggja fyrir. Vakin er athygli á því að húsið þarf að uppfylla kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsa skv. ákvæðum byggingarreglugerðar. Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir þarf væntanleg byggingarleyfisumsókn að fara í grenndarkynningu. Nefndin óskar einnig eftir því að við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð verði lóðarmörk núverandi húsa við götuna endurskoðuð og gildandi byggingarskilmálum verði fylgt eftir. (Sjá lið nr. 2)*

## **2. Deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð.**

S20120203

Tekið fyrir að nýju skv. bókun síðasta fundar skipulags- og umhverfisnefndar deiliskipulag þéttbýlisins í Reykjahlíð. Að ósk nefndarinnar kom Árni Ólafsson arkitekt frá Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf á fundinn til viðræðna um skipulagsráðgjöf vegna þessa verkefnis.

*Þar sem Árni telur sig ekki geta unnið þetta skipulagsverkefni á ásættanlegum tíma, að mati nefndarinnar, leggur hún til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið í samráði við sveitarstjóra að leita eftir samningum við aðra aðila sem geta skilað verkinu á skemmri tíma*

## **3. Umhverfisstefna Skútustaðahrepps**

S20120202

Farið yfir drög að umhverfisstefnu Skútustaðahrepps sem skipulags- og umhverfisnefnd fól skipulagsfulltrúa að vinna tillögur að á síðasta fundi nefndarinnar

*Skipulagsfulltrúa falið að fullgera fyrirliggjandi drög í samræmi við umræður á fundinum og leggja þau síðan fyrir sveitarstjórn til samþykktar.*

## **4. Aðalskipulag Skútustaðahrepps**

S20120203

Skipulagsnefnd samþykkti á síðasta fundi nefndarinnar að fá fulltrúa frá skipulagsráðgjöfunum til að mæta á fund nefndarinnar til að fara yfir stöðu skipulagsvinnunnar og nýjar hugmyndir varðandi landnotkun áður en undirbúningsvinnu við gerð aðalskipulagsins lýkur. Árni Ólafsson arkitekt frá Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf kom á fundinn til skrafs og ráðgerða og gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

*Nefndin samþykkir að svæði nr. 118 á núverandi deiliskipulagstillögu verði skilgreint skv. landnotkunarflokk í núverandi aðalskipulagi. Skipulagshöfundar munu skila af sér gögnum til umsagnaraðila í þessari viku og mun skipulagsfulltrúi senda þau til viðkomandi aðila í farmhaldi af því. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur áherslu á að vinnu við aðalskipulagið verði hraðað eins og kostur er þar sem stefnt er að gildistöku þess á haustdögum 2012.*

## **5. Garður 2, breytingar á drögum að aðalskipulagi**

S20120301

Kári Þorgrímssonar, bóndi í Garði 2, hefur óskað eftir breytingum á drögum að aðalskipulagi Skútustaðahrepps sem nú liggja fyrir og varða jörð hans. Landsvæði það sem hér um ræðir verði leyst úr landbúnaðarnotum en skilgreint sem athafnasvæði með tengdri búsetu og á svæðinu verði gert ráð fyrir allt að 8 íbúða byggð. Kári kom á fund nefndarinnar, skv. samþykkt sveitarstjórnar á fundi sínum 15. mars s.l., og geði henni grein fyrir sjónarmiðum sínum.

*Skipulags- og umhverfisnefnd felst á röksemdir Kára varðandi skilgreiningu á búsetutengdu athafnasvæði á landareign hans. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að orðið verði við þeim óskum við gerð aðalskipulagsins.*

## **6. Arnarvatn, verslunar- og þjónustusvæði, skipulagslýsing**

S20120302

Borist hafa umsagnir frá Skipulagsstofnun, dags 2. mars 2012 og frá Umhverfisstofnun dags 16. mars 2012 vegna skipulagslýsingar væntanlegs deiliskipulags fyrir verslunar og þjónustusvæði í landi Arnarvatns.

*Tillaga að bókun.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að koma þessum umsögnum á framfæri við viðkomandi skipulagsráðgjafa.*

Fundi slitið